

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/2204*  
*komudagur 8.5. 2012*

## **Athugasemdir vegna Rammaáætlunar.**

Unnur Carlsdóttir [unnurcar@internet.is]

**Sent:** 8. maí 2012 16:50

**Viðtakandi:** Nefndasvið umsagnir

---

"Ég, Unnur Carlsdóttir, kt. 240761-2629, geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaáætlun og tel því betur borgið í verndarflokki. Þetta svæði er í næsta nágrenni höfuðborgarinnar og borgarbúar jafnt sem ferðamenn vilja njóta náttúrunnar við túnfótinn. Þess má geta að yfir um 120 þúsund ferðamenn komu á svæðið síðasta sumar.

Að breyta friðlýstum fólkvangi og útivistarsvæði í orkuvinnslusvæði er eitthvað sem hlýtur að vera rangt á tímum þegar náttúrusvæði í nálægð við þéttbýli hafa aldrei verið verðmætari einmitt nú þegar bensínverð er í hæstu hæðum og kostnaðarsamt að ferðast um langan veg til að njóta náttúru slíkra svæða.

Sömuleiðis ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga."

Með virðingur og vinsemd,

Unnur Carlsdóttir,  
kt. 240761-2629,  
Fífurima 10,  
112 Reykjavík.